

# Starfsáætlun

## Skarðshlíðarleikskóla

### 2024 – 2025



## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum, áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur .....	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	7
2.1 Matsáætlun skólaárið 2024-25.....	7
2.2 Innra mat leikskólans.....	8
2.3 Húsnæði og lóð.....	9
2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	10
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	11
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
4. Starfsmannamál .....	13
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2024.....	13
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	13
4.3 Starfsþróun frá síðasta ári .....	13
Símenntun: .....	14
4.4 Áætlun um starfsþróun í leikskólanum 2024-25 .....	14
7. Aðrar upplýsingar .....	15
5.1 Barnahópurinn 1. Maí 2024. ....	15
7.2 Foreldrasamvinna .....	15
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	16
5.4 Almennar upplýsingar fyrir skólaárið 2024 -2025 .....	16
5.5 Áætlanir .....	16
Fylgirit.....	17
• Matsgögn .....	17
• Leikskóladagatal.....	17
• Umsögn foreldraráðs .....	17
• Annað.....	17



## 1. Inngangur

Skarðshlíðarleikskóli tók til starfa 9. ágúst 2019. Starfsemi skólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum nr. 893/2009, skólastefnu Hafnarfjarðar og á Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Í skólanum er litið á leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins, út frá forsendum þess. Við teljum mikilvægt að hlúa vel að leiknum, skapa honum gott rými jafnt í skipulögðum verkefnum sem og í frjálsum leik. Við nýtum húsnæði leikskólans vel fyrir leik barna með áherslu á að hlusta á raddir þeirra og frelsi til að hafa áhrif á leik sinn og verkefni.

Stefna leikskólans tekur mið af Fjölgreindarkenningu Howard Gardner. Markmiðið er að stuðla að vellíðan barna í leikskólanum og styrkja sjálfsmynd þeirra með því að kenna börnum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og sjálfstæði sem virkir þátttakendur í öllu leikskólastarfinu. Þekking starfsfólks á hugmyndafræðinni hefur verið að aukast jafnt og þétt og síðasta haust hófst markvissa vinna með greindarkenninguna í Hringekju. Í byrjun sumars 2023 unnu deildarstjórar að því að því að undirbúa innleiðingu Hringekju og breyttu dagsskipulagi. Markmiðið var að auka samvinnu og flæði á milli samliggjandi heimastofa, nýta mannauðinn, auka markvisst starf út frá fjölgreindarkenningunni og ýta undir lýðræðislegt val barna og sjálfstæði. Stefnt er að því að auka samvinna verði á milli allra heimastofa fyrst og fremst út af því að við erum einn leikskóli að vinna að sömu markmiðunum en einnig vegna þess að við viljum sjá til þess að öll börn fá svipað nám og áherslur í starfi og njóti mannauðsins sem við búum að.

Í Skarðshlíðarleikskóla eru unnið eftir Uppbyggingarstefnunni en hún byggir á hugmyndafræði Diane Gossen frá Kanada. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Sýn Uppbyggingarstefnunnar er að við séum öll með fimm grunnþarfir sem við þurfum að hafa jafnvægi á svo okkur líði vel. Grunnþarfirnar eru: öryggi, að tilheyrja, að hafa áhrif, gleði og frelsi. Uppeldi til ábyrgðar er í senn aðferð og stefnumörkun leikskólans til að stuðla að betri samskiptum og að kenna jafnt börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og að styrkja sjálfmynd þeirra. Þannig viljum við ná að skapa skólabrag sem einkennist af jákvæðum samskiptum, samheldni og umhyggju.

Áfram munum við vinna markvisst með Uppeldi til ábyrgðar. Stefnt er á að bjóða starfsfólki reglulega á hverju ári upp á fræðslu um sýnina og hvaða leiðir við viljum fara í aga málum og samskiptum við börn og við hvert annað.

Í maí 2024 fór starfsmannahópurinn í fyrsta skiptið í námsferð og skellti sér til Brighton. Nýttir voru til þess tveir skipulagsdagar sitt hvoru megin við uppstigningardag. Kristín Wallis sá um að skipuleggja og halda utan um ferðina að mestu. Hópurinn fór á tvenn námskeið, fræddist um Numicon stærðfræðikubba og fór í Forestschool í útikennslu. Mikil ánægja var með námskeiðin og ferðina almennt enda vel skipulögð, hópurinn skemmtilegur og veðrið dásamlegt.

Saman í takt samstarfsverkefnið leik-, grunn- og tónlistarskólanna í Skarðshlíð gekk ágætlega í vetur. Hæst ber þar að nefna að stofnaður var kór fyrir elstu börn leikskólans og áhugasama nemendur í 1. bekk Skarðshlíðarskóla. Úr varð rúmlega 40 barna kór sem hélt jólatónleika í Hafnarborg, söng fyrir

nemendur og leikskólabörn á sameiginlegri söngstund og söng við útskriftarathöfn elstu barna leikskólans. Nemendur af unglíngastigi komu í leikskólalav til okkar einu sinni í viku. Tónlistakennari grunnskólans tók nokkrum sinnum þátt í Hringekjunni og sá þá að sjálfsgöðu um tónlistargreindina. Í maí 2023 tóku Skarðshlíðarskóli og Skarðshlíðarleikskóli saman á mótí 20 leik- og grunnskólastjórum frá Ljubljana í Slóveníu. Fengu þeir fyrirlestur um aðalnámskrár leik- og grunnskóla, kynningu á hvorum skóla fyrir sig og skoðuðu svo bygginguna. Upp úr þessu sköpuðust skemmtileg tengsl á milli sem varð svo til þess að 3 kennarar frá Ljubljana komu á Erasmus-styrk í leikskólann í heila viku í apríl 2024. Þeir fengu að fylgjast með öllu starfi og fræddust vel um okkar starf og hefðir auk þess að fræða okkur um þeirra starf og venjur.

Í samstarfi við Faghóp um Skapandi leikskólastarf héldum við opið hús og kynningu á leikskólanum. Vel var sótt og leikskólanum sýndur mikill áhugi. Eins var mikið dáðst að góðu plássi og skipulagi byggingarinnar.

Leikskólinn tók á mót tveimur nemum í vettvangsnámi í leikskólakennarafræðum í vetur og gekk það mjög vel. Einnig fengum við tvo nema í 20 stunda starfsþjálfun frá Mími símenntun, á braut Leikskólasmiðja - íslenska 2.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Matsáætlun skólaárið 2024-25

Verkefni	Hvenær/hve oft metið	Matsaðferð	Þátttakendur í mati	Ábyrgð
Dagskipulag	Mánaðarlega á heimastofufundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2025.	Eigindleg og skráð í fundargerðir.	Allir starfsfólk	Deildastjórar
Hringekja	Deildastjórar funda reglulega. Metið á heimastofufundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2025.	Eigindleg og skráð í fundargerð. Skráningar um val barna.	Allir starfsfólk og eldri börn leikskólans.	Deildastjórar
Matstofa	Reglulega metið á heimastofufundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2023.	Eigindleg og skráð í fundargerð, spurningarlistar.	Allir starfsfólk og eldri börn leikskólans.	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Uppeldi til ábyrgðar, þarfavinna og sáttmálagerð	Reglulega metið á hverri heimastofu og deildarstjórafundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2025.	Eigindleg og skráð í fundargerð. Spurningarlistar	Allir starfsfólk	Aðstoðarleikskólastjóri og Deildastjórar

## 2.2 Innra mat leikskólans

Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-24 var áætlað að meta: dagsskipulagið, fjölgreindarkenninguna og hringekjuna, matstofu, Uppeldi til ábyrgðar og sáttmálagerð. Allir þættir voru ræddir reglulega yfir skólaárið á skipulagsdögum og á deildarstjóra-, heimastofu- og starfsmannafundum.

- **Dagsskipulag** – Markmið þess að breyta dagsskipulaginu var að auka samvinnu og flæði á milli heimastofa, gera hlutverk starfsfólks skýrara, nýta mannauðinn, samnýta rými, stækka svæði barna til frjáls leiks og auka fjölbreytni á efnivið og rýmum. Á Laut og Lyng var meiri samvinna og nýting á sameiginlegum rýmum heldur en á eldri heimastofunum. Starfsfólk var sammála um að það mætti vera meiri samvinna og nýting á mannauð. Samnýting á efnivið hefur verið góð, keyptir voru skúffuvagnar þar sem börn geta valið efnivið og farið með inn á heimastofu, leikið sér og skilað svo aftur. Reynt hefur verið að bjóða börnunum upp á fjölbreyttan efnivið og verkefni. Starfsfólk var almennt á því að hlutverk þeirra væru skýr og að dagsskipulagið hefði verið nokkuð skýrt. Unnið var markvisst með ýmiskonar verkefni á milli kl. 9:00 – 9:45 og samvera/ávaxtastund í kjölfarið. Eftir það hafi barnahópnum yfirleitt alltaf verið skipt í tvennt og helmingur verið inni í Hringekju og hinn farið í útiveru. Kallað var eftir meiri samvinnu á milli heimastofa, betri samskiptum og að starfsfólk væri með hlutverk sín betur á hreinu í matsalnum.
- **Hringekja og Fjölgreindarkenningin** – Hringekjan fór af stað í haust og vakti mjög mikla lukku. Hún var haldin 4 daga vikunnar en á föstudögum var frjáls dagur með sameiginlegri söngstund og fleira. Við vildum fara varlega af stað í innleiðingunni og því tóku börn fædd 2020 og eldri þátt en um áramótin bættust svo börn fædd 2021 við og gekk það vel. Einnig vorum við bara með helming barna í Hringekjunni hverju sinni og hinn helmingurinn fór í útiveru á meðan. Á hverri heimastofu var reynt að skipta barnahópnum upp með vinatilliti í huga. Þannig fékk hvert barn að fara tvo daga í viku í Hringekjuna og tvo daga í útiveru. Helst hefðu börnin viljað vera alla daga í Hringekjunni. Börn og starfsfólk var almennt mjög ánægt með Hringekjuna og þótti það skemmtileg áskorun að finna til verkefni fyrir stöðvar. Fyrir áramót gekk betur en eitthvað virtist detta niður skipulagið á hver væri með hvaða stöð eftir áramót og tók of langan tíma að koma Hringekjunni aftur í gang eftir áramót. Passa þarf upp á að hlutverk allra séu skýr, allir viti hvert markmiðið og ávinningur með Hringekjunni er og að starfsfólk fái undirbúningstíma til að undirbúa stöðvar.
- **Matstofa** – Við sjáum mikinn ávinning í að vera með hlaðborð þar sem börnin geta verið sjálfstæð og fengið að ráða miklu sjálf. Rennlið hefur gengið vel í morgunmatnum og nónhressingunni. Aðeins hefur þurft að skerpa á hlutverki starfsfólks í matsalnum og eins samskiptum þess á milli. Við fækkuðum fjölda barna sem koma í hádegismatinn niður í ca. 5-6 í einu og varð það til að mikið meira næði varð og biðraðir við hlaðborðið urðu undantekningar. Við þessa breytingu átti starfsfólk einnig auðveldara með að aðstoða börnin, fylla á hlaðborðið og halda hreinu, jafnvel var nóg að það kæmi einn starfs frá báðum eldri heimastofunum. Einnig höfum við reynt að vera með slökunartónlist á meðan á hádeigsmat stendur og sjáum við vel hve mikið meiri ró skapast við það. Bæta þarf frágang barna og þarf að kenna þeim að raða á rétta staði á vögnunum. Samskipti þarf að bæta, bæði á milli starfsfólks og starfsfólks við börnin. Starfsfólk á það til að pirra sig á einhverju á öðrum heimastofum og jafnvel sýna ókurteisi í stað þess að fara af varfærni og ræða við starfsfólk og börn af kurteisi, tillitssemi og skilningi.



- **Uppeldi til ábyrgðar og sáttmálagerð** – Í upphafi árs var fyrsti skipulagsdagurinn nýttur í að rifja upp Uppeldi til ábyrgðar og okkar leiðir. Starfsfólk er þó jafnt og þétt að ná tökum á að vinna með Uppeldi til ábyrgðar og fleiri farnir að nýta orðræðuna okkar og bækurnar um að fylla fötur. Ein heimastofa fór í að vinna markvisst með að fylla fötur en engin fór í markvissa vinnu með þarfirnar. Í febrúar 2024 var fyrirlestur um Sáttmálagerð með börnum og bauðst heimastofum aðstoð við að koma þeim af stað í þeirri vinnu. Engin heimastofa gerði sáttmála. Vonumst við til að breyting verði á því næsta haust.

### 2.3 Húsnæði og lóð

Starfsmenn leikskólans hafa sinnt daglegu eftirliti með útisvæði leikskólans. Á hverjum virkum morgni er gengið um garðinn til að athugað með rusl, hvort leiktæki séu í lagi, hlið lokuð og hvort einhverjar hættur leynist á svæðinu. Skráð er í bók og leikskólastjóri látinn vita ef eitthvað er ábótavant. Eins og síðustu árin þá safnast áberandi mikið rusl inn á leikvöllinn og þá helst frá byggingarsvæðunum í kring sem veldur auknu álagi á starfsfólk við að týna það upp.

Heilbrigðiseftirlitið kom í eftirlit 30.11.2023 og í niðurstöðum á úttekt eftirlitsins var tekið fram að ofnar og ofnþipur í hvíldar- og leikrýmum barna voru að hluta til óvarðar. Tryggja þarf að ofnar og ofnþipur valdi börnum ekki húðbruna. Ofnarnir eru einnig með hvöss horn sem geta valdið slyshættu. Ofnavarnir eru nú á öllum ofnþipum, en eftir á að setja upp ofnahlífar á alla ofna í leikrýmum barna. Gluggakistur og veggir eru illa farnir og er málning farin að flagna. Mikilvægt er að setja upp höggvörn á gipsveggi og gluggakistur (t.d. dúk). Í einu fataherbergi er þörf á að fullklára frágang við hurðakarma. Yfirborð þar eiga að vera slétt og heil til að koma í veg fyrir örveruvöxt og svo hægt sé að viðhafa fullnægjandi þrif. Ekki hefur tekist að fullklára frágang við hurðakarma. Bil var á salernisbásum eldri barna sem getur valdið klemmuhættu og var klemmuvörnum komið þar fyrir. Við eftirlit kom fram að börn sofa sum staðar undir stórum skápum þar sem geymdir eru þungir hlutir. Öryggislæsingar eru nú á öllum skápum þar sem börn sofa.

Við upphaf skólaárs var komið með sand í báða sandkassa, í október voru niðurföll hreinsuð og einnig var gert við gúmmíottur við rennibraut. Skemmdir voru unnar á leiktækjum á útileiksvæði leikskólans og brotist var inn í geymsluskúr á leikskólalóðinni. Nauðsynlegt er að setja upp þéttari og sterkari hurðar á útiskúr. Óskað hefur verið eftir viðgerðum á grindverkjum þar sem eru hvassar brúnir og skipta þarf út skemmdum grindverkum sem fyrst. Fánastöng á leikskólalóð tók að halla niður á við og var kallað eftir þjónustu til að reisa við á ný. Skólinn hefur fengið kvörtun á því hversu mikið magn er af stórum steinum inn á leikskólalóðinni sem geta skapað hættur fyrir börnin. Samþykkt var í nóvember 2021 að setja upp auka hlið til móts við litlagarð sem enn hefur ekki skilað sér. Að auki þarf að ráðast í að hækka opnaleg fög á girðingarhliðum leikskólans.

### 2.4 Ytra mat

Árlega er vinnustaðagreining lögð fyrir allt starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar á vegum Prósent ehf. Er greining sem þessi kjörin vettvangur fyrir starfsfólk til þess segja sína skoðun á starfi sínu. Markmiðið er að mæla starfsánægju, almennan líðan í starfi, hollustu og helgun starfsfólks. Greiningin er frábært og nauðsynlegt verkfæri til að sjá hvar við getum bætt okkur, hvar eru tækifærin og einnig að greina hvar gengur vel, hvað stendur upp úr.

Við kynningu á niðurstöðum vinnustaðagreiningar í ár með okkar starfsfólki rýndum við til gagns og skoðuðum það jákvæða sem kom fram og það sem betur mátti fara. Innan við helmingur starfsfólks svaraði könnuninni sem er miður. Samkvæmt niðurstöðum þarf að efla samvinnu og samstöðu starfsmanna. Fram kom að starfsfólki myndist leikskólinn ekki hafa nægilega góða ímynd út á við. Jákvætt var að starfsmenn upplifa sig fá hvatningu til að leggja sig fram í starfi og finnst þeim þeir standa sig vel. Hollusta og tryggð er mikil við vinnustaðinn og streita er minni en víðast hvar annars staðar. Einnig kom skýrt fram að starfsfólk sækist eftir símenntun.

Skólapúlsinn sendi Foreldrakönnun í febrúar 2024 og niðurstöður þeirrar viðhorfskönnunar komu vel út. Foreldrar eru almennt ánægðir með leikskólann og telja að barninu sínu líði vel í honum. Mikil ánægja var með Hringekjuna og vildu foreldrar og börn sjá meira af henni.

Foreldrum þótti mega bæta samskipti við sig og þá sérstaklega hvað varðar upplýsingagjöf um hvað börnin voru að gera dags daglega. Samskipti og upplýsingamiðlun í gegnum Völu segja foreldrar vera gagnlegt. Upplýsingaflæði og deildarpósta þarf að samræma á milli heimastofa. Fram kom að skortur væri á fagfólki og að bæta þyrfti sérkennslu og stuðning við börn sem eigi rétt á honum. Einnig vildu foreldrar sjá markvissara flæði á milli skólastiga.

## **2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats**

Starfsfólk leikskólans mun halda áfram daglegu eftirliti með útsvæðinu. Það mun áfram týna upp rusl og nýta tækifæri til að efla umhverfisgreind barna og virkja þau til að láta sér annt um náttúruna, týna rusl og verða þar með umhverfislöggur.

Í umbótaáætlun settum við í forgang að ná að auka starfsánægju, að bæta ímynd vinnustaðarins og stuðla að meiri samvinnu og samstöðu starfsmanna sem og að styðja starfsfólk til að sækja námskeið til að efla sig í starfi. Eitt af megin markmið leikskólans er að hér sé virkt lærdómssamfélag þar sem allir hafi rödd og geti lagt til málanna. Því þarf að rýna betur í hvernig hægt sé að hvetja alla til að koma með sínar skoðanir og hugmyndir á framfæri í starfsmannahópnum til að valdefla fólk. Áætlað er að setja saman rýnihóp þar sem fulltrúar úr hverju stéttarfélagi, stjórnendur, leiðbeinendur og kennarar til að finna leiðir til úrbóta okkur til heilla.

Hvað varðar foreldrakönnunina þá verður lögð áhersla á að bæta upplýsingaflæði til foreldra og starfsfólks. Deildastjórar og stjórnendur þurfa að leggja línurnar strax að hausti, hver sjái um að upplýsa hverja og hvernig. Eins þarf að leggja ríka áherslu á að starfsfólk taki vel á móti foreldrum og börnum þegar þau koma og kveðji hlýlega þegar þau fara í lok dags. Áætlað er að undirbúa starfsfólk vel fyrir aðlögun næsta haust svo allir séu með á hreinu til hvers er ætlast af þeim. Sérkennsluna vorum við byrjuðu að bæta í vor og mun hún ásamt faglegu starfi verða enn betri f.o.m. næsta hausti þar sem við höfum náð að ráða marga leikskólakennara inn og sérkennara. Leggja verður línurnar með grunnskólanum strax að hausti hvernig aðlögun og flæði milli skólastiga sé best háttað.

Á næsta skólaári verða allar heimastofur með tvo árganga. Á Hrauni og Hóli verða 18-20 börn fædd 2019 og 2020. Á Lyngi verða 18 börn fædd 2021 og 2022 og á Laut verða 16 börn fædd 2022 og 2023. Gerð verður krafa á mikla samvinnu deildastjóra við skipulagningu á dagskipulagi, samvinnu, verkefnum, nýtingu á rýmum og efnivið. Passa þarf mjög vel upp á að börn í elsta árganginum fá nákvæmlega sömu verkefni og ferðir. Til að tryggja að öll börn á sama aldri fái sömu kennslu og áherslur í starfi er áætlað að vera með teymisvinnu varðandi Uppeldi til ábyrgðar með áherslu á

sáttmálagæð og þarfir, málörvun, Vináttuverkefnið og stærðfræði. Einnig er þörf á að halda Hringekjunni gangandi markvissar og með betri undirbúningi. Skerpa þarf betur á hlutverki starfsfólks og hvernig verkefni sé best að bjóða upp á þannig að hægt sé að bjóða upp á flæði án fjöldatakmærkana. Setja þarf upp verklagsáætlun varðandi hvaða stöðvar detti út forfallist starfsfólk og hvenær sé ásættanlegt að hætta við Hringekjuna vegna starfsfólks.

Samskipti starfsfólks sín á milli og við börnin þarf að vinna vel með. Áætlað er taka einn skipulagsdag í fyrirlestra og verkefnavinnu með aðalmarkmiðið að laga samskipti og starfsandann. Auk þess viljum við skerpa á starfsmannasáttmálanum og gildum okkar. Þau þurfa að vera sýnilegri inn á öllum heimastofum og við þurfum sem starfsmannahópur að minna okkur betur á þau. Gildin okkar eru: virðing, gleði, samvinna og vellíðan.

Matstofan er verkefni sem verður að vera í stöðugri endurskoðun. Með breyttum barnahóp og fleiri ungum börnum næsta haust þarf að vanda mjög vel hvernig flæðið verður og hversu mikið þarf að aðstoða ný börn og yngri. Einnig þurfum við að skoða vel hvernig við getum gert matstofuna hlýlegri, Við þurfum einnig að setja upp lampa, seríur og gerviblóm til að gera enn notalegra í Hreiðri og vera dugleg að vera með róandi tónlist í gangi. Við þurfum að skerpa á frágangi barna á vagnana sem fara upp í eldhús. Skoðað verður hvort nóg sé að kenna börnunum í byrjun hvernig gengið er frá eða sett sé sjónrænt skipulag upp til að hjálpa þeim.

Uppeldi til ábyrgðar er einn af grunnstólþum okkar í starfi og því er mikilvægt að starfsfólk sé mjög vel að sér í því út á hvað þessi stefna gengur. Frá og með síðasta hausti var ákveðið að halda alltaf fyrirlestur um stefnuna, okkar leiðir við óæskilegri hegðun og samskiptum barna og fleira fyrsta skipulagsdag á hverju skólaári og aftur léttari upprifjun í janúar.

Samkvæmt niðurstöðum úr mati þessa skólaárs og vinnustaðagreiningu sem gerð var í janúar er þörf á að skerpa á samskiptum og fleiru er lítur að starfsfólki. Starfsfólk þarf að gera sér grein fyrir áhrifum þess á barnahópin. Skipulagsdagur í nóvember 2024 verður tileinkaður samskiptum og ábyrgð starfsfólks á því að starfsandinn sé góður, samskipti jákvæð og uppbyggjandi, samvinna sé góð og fleira. Fáum við Ragnheiði Vigfúsdóttur, markþjálfu, til okkar með fyrirlestur og verkefnavinnu auk þess sem unnið verður með sáttmálagæð starfsmanna og upprifjun á gildum okkar.

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

##### 1. Verkefni: Læsi, málþroski og orðaforði

Markmið verkefnisins: Að efla málþroska barna, læsi og auka orðaforða

Leiðir að markmiði: Vinna markvisst með Lubbi finnur málbeinin, orðaforðalista, lestur fyrir börnin, hljóðkerfisvitund og fleira. Stofnað verður læsisteymi sem skipuleggur námsefni og innlagnir svo samfella verði eðlileg í kennslu.

Hver er ábyrgur: Deildastjórar í samvinnu við starfsfólk

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Á heimastofufundum

## **2. Verkefni: Vináttuverkefni Barnaheill - Blær**

Markmið verkefnisins: Að efla félagsfærni, samskipti og stuðla að góðum skólabrag

Leiðir að markmiði: Í hverri viku er unnið með fámennan barnahóp og nýttur efniviður úr töskunum hans Blæs. Starfsfólk sem tekið hefur námskeiðin hjá Barnaheill mynda teymi, setja upp skipulag á kennslu, undirbúa efni og kennslustund og kenna öðru starfsfólki.

Hver er ábyrgur: Deildarstjórar í samvinnu við Vináttuteymið

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Á teymisfundur og heimastofufundum

## **3. Verkefni: Útikennsla**

Markmið verkefnisins: Að auka markvisst starf í útiveru. Efla hreyfiproska og umhverfisgreind

Leiðir að markmiði: Skipuleggja verkefna- og hugmyndamöppu sem starfsfólk getur leitað í. Koma inn í dagsskipulagi markvissu starfi í útiveru t.d. á meðan á Hringekju stendur eða jafnvel að bæta umhverfisgreind við í Hringekjuna.

Hver er ábyrgur: Deildastjórar

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Á heimastofu- og deildastjórafundum.

## **4. Verkefni: Numicon**

Markmið verkefnisins: Að starfsfólk nýti fjölbreytt verkefni og hugmyndir sem það lærði á námskeiði í Brighton vorið 2024. Að efla rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind og skapandi hugsun barna.

Leiðir að markmiði: Heimastofur finni leiðir til að skiptast á með efniviðinn og unnið markvisst með hann. Numicon sé reglulega nýtt í Hringekjuna.

Hver er ábyrgur: Deildastjórar

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Á heimastofu- og deildastjórafundum.

## **5. Verkefni: Starfsánægja**

Markmið verkefnisins: Að auka starfsánægju og vellíðan í starfi. Að vinna að því að stefna að sama markmiði sem heild svo hver og einn finni ábyrgð sína á starfsánægju.

Leiðir að markmiði: Fá Ragnheiði Vigfúsdóttur til okkar á skipulagsdegi í nóvember. Hún mun sjá um fræðslu og verkefnavinnu fyrir starfsfólkið. Katrín aðstoðarleikskólastjóri sér um að rifja upp sáttmálagerð starfsfólks og gildisvinnu. Setja upp á vegg heimastofa og í starfsmannarými hvatningar til starfsfólks um ábyrgð allra í að skapa góðan vinnustað.

Hver er ábyrgur: Stjórnendur

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Vinnustaðagreining í janúar og starfsmannasamtöl að hausti og vori.

## **6. Verkefni: Stytting vinnuviku**

Markmið verkefnisins: Minnka álag og auka starfsánægju

Leiðir að markmiði: Að endurskoða útfærslu vinnustyttingar þannig að sem minnst álag skapist. Setja saman styttingarnefnd sem fer yfir leiðir og kemur með tillögum að úrbótum.

Hver er ábyrgur: Leikskólastjóri og styttingarnefnd

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Í janúar og maí 2025

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2024

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1stg	Leikskólakennari /MS í Mannauðs-stjórnun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1 stg.	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	1 stg.	Leikskólakennari
Deildarstjórn	4	4 stg.	1 Leikskólakennari 1 Háskólamenntaður starfsmaður A 1 Háskólamenntaður starfsmaður B 1 Hlífarstarfsmaður
Leikskólasérkennari	1	1 stg.	1 B.ed í leikskólakennarfræðum
Háskólamenntaður starfsmaður A	2	1,75 stg.	1 BA í Kennslu- og uppeldisfræði og grunndiplómu í íslensku sem öðru máli 1 Nemi MT í leikskólakennarfræðum
Leiðbeinendur Hlífar	14	13 stg.	Nemar í leikskólakennarafræðum, stúdentspróf og/eða grunnskólapróf

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru seint af stað þar sem leikskólastjóri kom þeim ekki að fyrr en í apríl – júní 2024. Tilgangur þessara samtala er m.a. að heyra hvernig starfsfólki líður í vinnunni, hvernig því gangi í starfi, hvort það vilji efla sig í einhverju og hvað stjórnendur geti gert til að styðja það.

Helstu niðurstöður samtala voru að:

- Draga þurfi úr álagi á starfsfólki með skýrum verkferlum og góðu upplýsingastreymi.
- Efla þurfi samskiptafærni starfsfólks í anda við samskiptasáttmáli sem starfmenn unnu.
- Bæta samvinnu og auka flæði.

### 4.3 Starfsþróun frá síðasta ári

- Netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu. *Grunnatriði kynferðislegar hegðunar barna og ungmenna, einkenni kynferðisofbeldis, og hvernig beri að bregðast við* - 13 starfsmenn
- Samstarf leik- og grunnskóla – *Vallar-læsi* – Fulltrúar stjórnenda úr öllum leik- og grunnskólum á Völlumum.
- *Áhrif fjölþætts áfallavanda á tengsl og þroska leik- og grunnskólabarna* - Leik- og aðstoðarleikskólastjóri.
- *Áhrif fjölþætts áfallavanda á tengsl og þroska leik- og grunnskólabarna. Handleiðsla og dýpri fræðsla* - Aðstoðarleikskólastjóri.
- *Stjórnendadagur – ýmis fræðsla* - Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri
- *EKKO – fræðsla* – Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri

- *Dagur hugrakkra stjórnenda* – Leikskóla-og aðstoðarleikskólastjóri.
- *Heilsuefandi skólasamfélag* - Aðstoðarleikskólastjóri
- Ingibjörg Valgerisdóttir, Saga story house. *Ábyrgð – stjórnendafræðsla* - Aðstoðarleikskólastjóri
- *Fyrirlestur um breytingu á Aðalnámskrá leikskóla* – 2 starfsmenn
- *AEPS, færnimiðað matskerfi* - 1 starfsmaður
- Sigrún Kristjánsdóttir. Ráðgjafar og greiningarstöð. *PECS – Myndrænt boðskiptakerfi* – 5 starfsmenn
- Ráðgjafar og greiningarstöð *Tákn með tali – grunnnámskeið* - einn starfsmaður.
- *Öryggistrúnaðarmannanámskeið* – 1 starfsmaður
- Kristín Wallis. *Numicon stærðfræði* – 20 starfsmenn
- *Forest school* – 20 starfsmenn
- Ragnhildur Vigfúsdóttir, Markþjálfari PCC & Certified Dare to Lead™ Facilitator. *Stjórnendafræðsla Dare to lead* – Leikskóla-og aðstoðarleikskólastjóri.
- Berglind Sveinsdóttir, lektor. *Að lesa í hegðun ungra barna* - Sérkennslustjóri.
- The tin can factory. *Íslenskunám* - 1 starfsmaður.
- Alexandra kennslufulltrúi fjölmenningar Hafnarfjarðar. *Móttaka erlendra barna og foreldra og fleira* - Allir starfsmenn.
- Gyða Guðmundsdóttir og Sigríður Eir Guðmundsdóttir talmeinafræðingar. *Grunnur að læsi; Árangursrík þjálfun hljóðkerfisvitundar í leikskóla* - 1 starfsmaður.
- *Verndari barna, fræðsla* - Deildastjórar
- *Tras námskeið* - 1 deildastjóri
- *BOFS – fræðsla* - Sérkennslustjóri og leikskólastjóri
- Saga Stephensen, fjölmenningarfulltrúi hjá skóla- frístundasviði Reykjavíkurborgar. *Hvað þarf að hafa í huga við móttöku fjölyngdra barna?* - 1 deildarstjóri
- Anna Dagbjört frá Sigursetrinu. *Fyrirlestur um einhverfu* - Allt starfsfólk.
- Katrín Hildur Jónasdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. *Upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar og Okkar leiðir og sáttmálagarð* – Allir starfsfólk
- Katrín Hildur Jónasdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. *Sáttmálagarð* – Allir starfsfólk
- Auðnast - Orkubúskapur, bjargráð og hvernig við nýtum samstöðu til að efla teymi og starfsánægju - Allir starfsfólk.

#### **Símenntun:**

- Alls voru tveir starfsmenn nemar í leikskólakennarafræðum, einn frá HÍ og einn í HA
- Einn starfsmaður var í meistaranámi í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands.

#### **4.4 Áætlun um starfsþróun í leikskólanum 2024-25**

Starfsfólk leikskólans er hvatt til að sækja sér fjölbreytta endurmenntun sem nýtist í starfi og nýta til þess endurmenntunarsjóði sína hjá stéttarfélögum.

Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).

- Uppeldi til ábyrgðar, Okkar leiðir, Sáttmálagarð – allt starfsfólk
- Fræðsla um starfsánægju, Ragnheiður Vigfúsdóttir – allt starfsfólk
- Erindi frá Barnavernd Hafnarfjarðar – allt starfsfólk
- Kynning á Brúnni – allt starfsfólk

- Skyndihjálpi – allt starfsfólk
- Lubbi finnur málbeinin – allt starfsfólk
- TMT – fólk sem sinnir stuðningi og sérkennslu
- Hljóm námskeið – leikskólakennarar
- Tras – leikskólakennarar
- Vináttuverkefni – Barnaheill – allt starfsfólk
- Önnur fræðsla, Kraganámskeið

## 7. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. Maí 2024.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 69
- Kynjahlutfall: 36 drengir og 33 stúlkur
- Dvalarstundir: 564
- Deildargildi:
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. Flokki: Alls 7 börn
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 12 börn
- Fjöldi barna með fæðuofnæmi og/óþol: 7 börn, 2 börn með sérþæði vegna einhverfu
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 10 talsins
- Fjöldi tungumála: Átta
- Þjóðerni forsjáraðila: Ísland, Pólland, Níger-Kordofanían, Serbókróatía, Lettland, Rússland, Spánn, Búlgaría.

### 7.2 Foreldrasamvinna

Þrjú fulltrúar foreldra skipuðu foreldraráð leikskólans. Kosið var í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september 2023.

Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Hlutverk foreldraráðs er:

Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. Gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Fjórir foreldrar sátu í stjórn foreldrafélagsins. Haldnir voru tveir stjórnarfundir á skólaárinu, einn á haustönn og annar á vorönn. Félagið í samvinnu við leikskólann hélt sumarhátíð, greiddi fyrir jólaeiksyningu, keypti bækur sem jólasveinninn gaf börnunum á jólaballinu og gjafir fyrir útskriftarbörn. Foreldrafélagið keypti að ósk leikskólans Ferilmöppur fyrir öll börnin til að halda utan

um ýmis verkefni barnanna. Deildastjórar buðu upp á viðtalstíma fyrir foreldra í nóvember 2023 og í apríl 2024 og gengu þau ágætlega.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Það er okkar von hér í leikskólanum er að haldið verði áfram að styrkja samstarf á milli skólastiga og efla *Saman í takt* með ýmiskonar uppákomum og sameiginlegum verkefnum. Mikill fengur var í því að fá tónmenntakennara grunnskólans með í tónlistakennslu í leikskólann og viljum við sjá að það verði aukið enn frekar á samsöng.

Skarðshlíðarkórinn verður áfram í boði fyrir elstu börn leikskólans og áhugasama nemendur í 1.bekk grunnskólans undir stjórn aðstoðarleikskólastjóra og tónmenntakennara grunnskólans. Valfag unglíngastigsins í leikskólanum stendur ávallt til boða og eins er vilji til að heimastofur leikskólans geti eignast vinabekki í grunnskólanum sem hittast reglulega yfir veturinn. Ekki er útséð með hve mikið leikskólinn getur nýtt sér íþróttahús grunnskólans þar sem nemendum skólans fjölgar enn frekar næsta vetur en leikskólabörnin mun halda áfram að taka þátt í mílunni. Leikskólastjórnendur munu hvetja starfsmenn til að nýta sér kaffistofu, íþróttahús og bókasafn grunnskólans.

### 5.4 Almennar upplýsingar fyrir skólaárið 2024 -2025

#### Skipulagsdagar – lokað allan daginn

- 16. ágúst (sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla)
- 18. nóvember (sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla)
- 10. janúar (skipulagsdagur Skarðshlíðarleikskóla)
- 26. febrúar (sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla)
- 13. maí (skipulagsdagur Skarðshlíðarleikskóla)

#### Skertir morgnar – lokað á milli 08:00 – 10:00

- 30. september
- 02. desember
- 20. mars

#### Skráningardagar

- 24. – 25. október **Vetrarfrí**
- 23., 27., 30. desember og 2. janúar **Jólaskráning**
- 24. – 25. febrúar **Vetrarfrí**
- 14. – 16. apríl **Páskaskráning**
- 10. júní – 1. ágúst **Sumarskráning**

### 5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
  - einelti
  - ofbeldi
  - annað
- Viðbragðsáætlun við:



- slysum
- áföllum
- heimsfaraldri
- Annað
- Öryggisáætlanir
  - Rýmingaráætlun
  - Vinnuverndaráætlun
  - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

### Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði  
01.07.2024

Berglind Kristjánsdóttir

---

Leikskólastjóri